

Þórarinn Torfason

Dögun
ljóð

©Þórarinn Torfason

Fyrsta útgáfa: Andblær 1994

Önnur útgáfa (endurskoðuð): Rafbók, Ylur 2017

DÖGUN

Þegar dagurinn
þrammar
þungstígur
milli slökkvara
og tendar ljós sín

þá

skriður
myrkrið
inn í
andlit okkar

Bíður

I

MINNINGAR

Andartak
vakna
í vitund þinni
minningar

um
hús
sem lukust upp
er að var komið

Hallir
með díkjum
og
læstum hlerum

Og þú
starir á eftir
andartakinu
og minningunum
renna á brott

Líkt og
vökva
úr sprungnu
glasi

HÚS

Í minningunni
verða húsin
í þorpinu mínu
öll eins
á litin

Hvít
með
rauðu þaki

GAMALL

Man:

Lykt

Tinandi höfuð

Sælgætismola
sem réttur var
yfir búðarborð

Óstyrkar
hendur
er klöppuðu
á lítinn koll

HÁTT

Gnæfir yfir
byggðinni
fjallið

Hátt

Heldur öllu
í greip sinni

HORFT TIL FJALLS

Fyrrum

er augu mín
sáu
klettana

læddist
að mér
grunur

um
fólk

LEIKUR Í FJÖRU

Að loknum
leiknum
í fjörunni
halda börnin
heim

Öll
nema
ein lítil stúlka

Hún
sest á stein

Bíður

Myrkursins

Stendur
þá upp

Gengur
í sjóinn

Heim

SANDUR

Handan fjarðarins
gulur sandur

Minnir á
eyðimörkina
sem ég
gekk um
fyrir löngu

Áður en ég
kom hingað

II

FERÐ

Mjökumst
eftir mjóum
veginum
inn dalinn

Á aðra hönd
gnæfir
hátt fjall

Á hina
gapir
djúpt gil

FERÐALAG

Handan vegarins
bíður áfangastaður

Handan vegarins
sem hlykkjast
inn dali
út dali
upp fjöll
niður fjöll

bíður áfangastaðurinn

HORFT

Ligg í grasinu

Horfi upp
í himininn

Heiðbláan

Flögrandi
fuglar
veifa til mín

SJÓR

Sjórinn
ólgandi
gengur
yfir þig

aftur og aftur

En þú
heldur
áfram
göngu þinni

ÞAU

Hún
sefur
í grasi
undir
svörtum skýjum

Hann
horfínn
á brott
 til skýjanna

TIL HAFS

Stend
í fjörunni

Skima til hafs

Þétt
þokan
byrgir sýn
svo ég
sé ekki
skipið

AFHJÚPUN

Opnum
uppglenntum
augum
stara gluggarnir
á mig

Bjarmi þeirra
afhjúpar
nekt mína

Og ég
stend einn
á gangstéttinni

HORFT AF BRÚN

Stend á brúninni

Horfi niður

Spyrni í stein

Sé hann

velta

fram

í sjó

LJÓÐ

Inni í
mistrinu
ljós

Þokumst
í átt
til þess

Náum því

Einhverntíma

III

HARPA

Strengirnir hljóðnaðir

Enginn
kann að
láta þá
hljóma
fagurlega

Eins og fyrrum

FÓTATAK

Í nóttinni
fótatak
að ofan

Lætur í eyrum
sem djúpir
óþægilegir
tónar

KENNDIR

Horfum á
upplýst
andlitin
líða hjá

Með okkur
vakna
kenndir

Áður
ókunnar

LÍTIÐ LÍF

Í brjósti þínu
kviknar
lítið líf

Það vex með þér
dafnar
þroskast

Uns
það stekkur úr
brjósti þínu

Hálfskapað

JANÚAR

Skýin
lituð blóði
sólarinnar

og

flugvélin
hverfur

HORFNAR NÆTUR

Horfna nætur
hyla ógengin
spor þín

Sporin
sem þig
dreymdi
um að stíga
en
þorðir ekki

SAKLEYSI

Sitjum
grunlaus
í hlýjum
húsum okkar

meðan
stormsveipurinn
lyftist
yfir fjöllin

Æðir
niður hlíðarnar

VIÐ ÁNA

Konurnar
við ána
líta til himins

Sjá fuglahópinn
fylgja ánni
sem væri hún vegur

Þær
breiða út
vængi sína

Halda í humátt

SÁR

Svíður undan
sárum orðum

Svipu
beitt af
lagni

kunnáttu

vana

BROTTFÖR

Held í þvala
hönd þína

Finn
er hún
rennur úr
minni

Og þú
hverfur

Eftir
stend ég
með tóma
hönd

Og
minningu

ÓSK

Ávallt
er ógnirnar
hverfa
óskarðu þess
að þær
komi
aftur

Líkt og
þú
fáir ekki
lifað
án þeirra

ENDURMAT

Tætir í sundur
það sem var

Grætur

Reisir nýtt
á gömlum grunni

Vætir líkamann
í brennandi vatni
viskunnar

IV

TIL ÞÍN

Mæti þér
á göngu
um draumalöndin

Þú
tekur
ekki
eftir mér

HENDUR

Hendur
taka í aðrar

Strjúka
um kroppa

Við nakið
hörund
gæla
varlega

NÁLÆGÐ

Speglun

Andartak sælu
fullkonnun

Augnablik

Fjarar út
verður að engu

Eftir:
Minning

Nálægð

BEDIÐ EFTIR ÞÉR

Andlit þitt
innrammað
í glugga
flugvélar

Í fjarska
grillir í dag
og þig

Verður flogið?

ANDVÖKULJÓÐ

Andvaka
ligg ég
og hlusta

Hlusta á
rólegan andardrátt þinn
mynda samhljóm
við taktfast tif
vekjaraklukkunnar
á borðinu

Ég
öfunda ykkur

Þig af því
hve vært þú sefur
og vekjaraklukkuna
af taktföstu tífínu

BÓN

Þegar þú
heldur
til stjarnanna
í skipinu þínu
viltu þá
veifa
til mín
svo
ég viti
að þú
sért
á förum

FJÖRUFERÐ

Meðan við
göngum
saman
um fjöruna
á veikburða
fótum okkar
skulum við
gæta þess
að okkur
skriki ekki
fótur
á sleipu
fjörugrjótinu

NÁTTÚRUMYND

Þú
liggur
sofandi
í mjúku
grasinu

og
vindurinn
leikur
við
hár þitt

meðan
ég
geng
í klettana

GÖNGUTÚR AÐ KVÖLDLAGI

Kvöldið
fagurt og tært

Logn

Hamingjusöm
göngum við
hönd í hönd
inn í sólarlagið

Hverfum

LENDUR

Innst
í huga
þínum
gnæfir
turn

Þaðan útsýni
um víðar lendur

Ókannaðar

Að mestu

AÐ KVÖLDI

Við tvö
í myrkrinu

Ein

alein
í myrkrinu

Þú
svo lítil
liggur í fangi mínu

Við göngum
fram og aftur

Ein

alein
í myrkrinu

uns
augun þín
litlu
leggjast aftur

SVEFN AÐ VETRI

Hægt vefur
myrkrið
sig um þig

Hringar sig
utanum þig

Mjúkt
þægilegt

VINDUR

Þú
arkar áfram
og
vindurinn
blæs
í andlit
þitt

Kröftuglega

Í FJÖRU

Í sandinum
dökkum
spor þín
djúp
hverfa
við leik
hafsins

KVÖLD

Þegar mykrið
skín
á sjáöldur
mín
lyppast
hendurnar niður

Máttlausar